



GRÆNA ORKAN

Stjórnarfundur Grænu orkunnar 23.3.2021

Fundurinn fór fram á Teams, klukkan **8:45-10:15**. Mætt voru: Ágústa S. Loftsdóttir, Benedikt Stefánsson, Bjarni Freyr Guðmundsson, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Margrét Þórolfsdóttir, María Jóna Magnúsdóttir og Sigurður Ástgeirsson. Anna Margrét Kornéliusdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Engar athugasemdir bárust og telst fundargerðin því samþykkt.
2. Málefnavinna starfsársins 2020-2021
 - a) Hópar málefnavinnu
 - Aðgerðir til að vera leiðandi í stefnumótunarvinnu orkuskipta (GVS)
 - Gerð tillagna í uppfærða orkuskiptaáætlun (ÁSL)
 - Gerð eldsneytisvegvísis (BS, ÁÐ)
Vinna fer hægt af stað en fundir eru fyrirhugaðir á næstunni til að ræða næstu skref.
 - b) Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þingmannanefnd um loftlagsmál, 488. mál. <https://www.althingi.is/altext/151/s/0818.html>
Stjórn samþykkti að GO sæti hjá varðandi þetta mál og sendi ekki inn umsögn.
3. Viðburðir 2020-21
 - Orkusjóður, kynning – **23. mars**
 - Orkuskipti í flugvallarstarfsemi (ÁÐ, BFG og GVS - vor 2021) - **11. maí**
Þar munu fulltrúi Isavia, fulltrúi flugvallar á Norðurlöndum, og fulltrúi sem þekkir landstarfsemi flugvallar halda erindi.
 - Kynning á Nordic Innovation úthlutun fyrir 2021 – í biðstöðu
 - Raforkuspá og eldsneytisspá – í biðstöðu
 - Staða innviða til orkuskipta í höfnum (ESG, Verkís – vor 2021)
 - Kolefnishlutleysi í ferðaþjónustu á Norðurlöndum (haust 2021)
 - Aðalfundur félagsins – seint í maí, dagsetning óákveðin
4. Önnur mál
 - a) Heimasíða, samfélagsmiðlar

Upplýsingum um starf Grænu orkunnar hefur verið bætt við vefsíðuna síðan á síðasta stjórnarfundum auk nokkurra fundargerða. Ræða þarf frekar hlutverk síðunnar áður en óskað er eftir tilboðum í endurgerð hennar og uppfærslu.

- b) Tillaga að breyttu firmamerki vegna nýs heitis á ensku
Rætt um tillögur frá Skaparanum að nýrri útfærslu firmamerkis Icelandic Green Transition Alliance. Stjórn samþykkti að nota merki Grænu orkunnar á íslensku í ýmsum útfærslum og enskt heiti fyrir neðan í smærri stöfum, t.d. eins og Orkustofnun og fleiri gera. Stjórn þykir nýtt heiti ekki nægjanlega lýsandi fyrir félagið og hyggst endurskoða nafnið með það fyrir augum að leggja til breytingu á næsta aðalfundi.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 21. apríl 2021.